

24

22. marz

11. gr.

Heimilt er að halda námskeið við bændaskólana fyrir bændur og bændaezni, þegar ástæður leyfa. Námskeið þessi séu til hvatningar og fræðslu. Einnig námskeið fyrir trúnaðarmenn samkvæmt jarðræktarlögum, eftirlitsmenn nautgriparæktarféлага, forðagæzlumenn, búreikninganámskeið og enn fremur matreiðslunámskeið.

12. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefur á hendi yfirstjórn bændaskólanna og gefur út reglugerð fyrir þá að fengnum tillögum skólastjóranna.

13. gr.

Kostnaður við að gera skólana og skólabúin úr garði samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum. Svo greiðir hann og allan árlegan kostnað við skólana.

14. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda fyrir skólaárið 1947—1948.

15. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, að stofna sérstaka deild við einn bændaskólanna eða annars staðar, ef hentara þykir, þar sem búfræðingar geti fengið framhaldsmenntun. Um fyrirkomulag þessarar deildar skal ákveðið í reglugerð.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 26 13. jan. 1938, lög nr. 39 30. júní 1942 og lög nr. 74 30. des. 1944.

Gjört í Reykjavík, 22. marz 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Ásgeirsson.

25

1. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 61 31. maí 1947, um váttryggingarfélög fyrir fiskiskip.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „til ársloka 1948“ í bráðabirgðaákvæði komi: til ársloka 1949.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. apríl 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.